# Opinber fjármál

*Aðrar leiðir færar*

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

# Af hverju þessi skýrsla?

- Ríkisfjármál í ógöngum
  - Halli og skuldsetning
- Úrlausn eitt mesta hagsmunamál atvinnulífs og heimila
  - Trúverðugleiki og samkeppnishæfi
  - Flótti fólks og fjármagns
- Skýrsla VÍ 2008 (17. jún) - *Útþensla hins opinbera: Orsakir, afleiðingar og úrbætur*
- Skýrsla VÍ 2009 (16. des) – *Opinber fjármál: Aðrar leiðir færar*
  - Mat á stefnu stjórnvalda, afleiðingar skattkerfisbreytinga, tillögur – aðrar leiðir eru hagfelldari
  - Dýpka umræðu og benda á lausnir

# Úr skýrslu VÍ 2008

*“Við óbreytt ástand er ljóst að vöxtur hins opinbera er ekki sjálfbær. Framleiðslugeta hagkerfisins hefur aukist hratt á síðustu árum og hagvöxtur hefur verið vel yfir langtímameðaltali. Þrátt fyrir að framleiðni hafi aukist mikið hefur kaupmáttur og eftirspurn aukist enn meira. Það er því óhjákvæmilegt að samdráttur eigi sér stað í eftirspurn enda er kaupmáttur meiri en útflutningstekjur standa undir. Með öðrum orðum þá hafa Íslendingar eytt um efni fram undanfarin ár og eðlilegt að gera ráð fyrir að sú þróun snúist við.”*

*“Ef ekki kemur til mikillar framleiðniaukningar á næstu árum mun kaupmáttur óhjákvæmilega dragast saman ... nánast allir hagvísar sem benda til skarps samdráttar í einkaneyslu næstu misserin.”*

*Útþensla hins opinbera: Orsakir, afleiðingar og úrbætur (2008)*

# Grundvallaratriðin

- Af hverju skattar?  Umfang opinberrar þjónustu?
- Skattar hafa áhrif á hvata...
  - ...og umsvif í hagkerfinu, samkeppni milli atvinnugreina ... draga úr hagkvæmni því...
- hlutfallsleg umsvif hins opinbera hafa áhrif á samkeppnishæfi
  - Fólk, fjármagn og tækniframfarir ... stórt ríki dregur til sín aðföng og þarf meira fjármagn (skatta) til reksturs
- Hagkvæmt skattkerfi
  - Einfaldleiki, gagnsæi, lágir jaðarskattar, fáir og breiðir skattstofnar

# Aðgerðir frá hruni

- Þrjár ríkisstjórnir, samstarf við AGS og stöðugleikasáttmáli
  - Aðlögunarþörf - halli í afgang á 3 árum
  - 45% skattar – lækkandi hlutfall í 3 ár

TAFLA 2: ÁÆTLUN STJÓRNVALDA UM AÐLÖGUNARÞÖRF Í RÍKISFJÁRMÁLUM

| Ár | ma. Kr | % af VLF |
|---|---|---|
| 2009 | -20 | -1,4 |
| 2010 | -56 | -3,9 |
| 2011 | -43 | -2,8 |
| 2012 | -36 | -2,3 |
| 2013 | -24 | -1,4 |
| Samtals | **-179** | **-11,8** |

# Aðgerðir frá hruni *(framh.)*

TAFLA 3: SAMANBURÐUR Á FJÁRLÖGUM 2009 OG 2010 EFTIR RÁÐUNEYTUM (M.KR.)

| | 2010 | 2009 | breyting |
|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 3.413 | 3.783 | -9,7% |
| Forsætisráðuneyti og Hagstofa Íslands | 1.000 | 2.221 | -54,9% |
| Menntamálaráðuneyti | 58.831 | 58.801 | 0,1% |
| Utanríkisráðuneyti | 11.633 | 12.257 | -5,1% |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti | 18.809 | 17.547 | 7,2% |
| Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti | 24.542 | 23.456 | 4,6% |
| Félags- tryggingamála, og heilbrigðisráðuneyti* | 230.309 | 228.801 | 0,7% |
| Fjármálaráðuneyti | 54.611 | 55.235 | -1,1% |
| Samgönguráðuneyti | 37.573 | 50.973 | -26,3% |
| Iðnarráðuneyti | 5.550 | 6.281 | -11,6% |
| Viðskiptaráðuneyti | 2.966 | 2.715 | 9,2% |
| Umhverfisráðuneyti | 6.796 | 6.632 | 2,5% |
| Vaxtagjöld ríkissjóðs | 99.570 | 86.940 | 14,5% |
| Samtals | 555.603 | 555.642 | -0,01% |

*Ráðuneyti tekin saman þar sem umtalsverð tlfærsla hefur átt sér stað milli ráðuneyta

# Aðgerðir frá hruni *(framh.)*

- Aðlögun í gegnum einkageirann
- Fyrstu aðgerðir í júní 2009 – aðlögun á tekjuhlið
  - Tryggingargjald, “sykurskattur”, hátekjuskattur og fjármagnstekjuskattur



# Fjárlög 2010

- Vekja fleiri spurninga en þau svara
- 63 ma. hærri skattar og útgjöld óbreytt
  - En lækkun útgjalda frá áætlun 2009
- Tekjuöflunartillögur kynntar í lok nóv. 2009
  - Minni skattahækkanir en í fjárlögum
  - Verulegar breytingar á skattkerfi
- Nýtt kerfi, án áhættugreiningar eða virks samráðs við atvinnulíf og almenning
  - Eins og að skipta um bát í haugasjó ... áhrif verða víðtæk

# Helstu skattabreytingar milli 2009 og 2010

| | Í upphafi árs | 1.júl | 2010 |
|---|---|---|---|
| Fjármagnstekjuskattur | 10% | 15% | 18% |
| Virðisaukaskattur | 7% / 24,5% | 7% / 24,5% | 7% / 14% / 25% |
| Tekjuskattur fyrirtækja | 15% | 15% | 18% |
| Tryggingagjald | 5,34% | 7% | 8,60% |
| Tekjuskattur | 24,10% | 24,1% / 32,1% | 24,1% / 27% / 33% |
| Meðalútsvar | 13,10% | 13,10% | 13,10% |
| Nýir skattar | - | - | 5,6 ma.kr. |
| Auðlegðarskattur | - | - | 1,25%* |

*Leggst á eignir umfram 90 m.kr. hjá einstaklingum og 120 m.kr. hjá hjónum

**80% hækkun fjármagnstekjuskatts - 60% hækkun tryggingargjalds**
**35% hækkun á hæsta skattþrepi**

# Tekjur hins opinbera

- Íslenskt skattkerfi hefur verið einfalt, með áherslur á fáa, breiða stofna
  - Lækkun skatthlutfalla, afnám hátekju- og eignaskatta, einföldun á fjármagnstekjuskatti og lækkun tekjuskattshlutfalls lögaðila
- Skatttekjur hafa aukist verulega
  - Rauntekjur aukist um 50% frá árinu 2000
  - Mest aukning sem % af VLF innan OECD
- Heildarskatttekjur næmar fyrir hagsveiflum
  - Sjálfvirk sveiflujöfnun
  - Erfið staða í kjölfar efnahagssveiflu

# Breyting á skattheimtu sem hlutfall af landsframleiðslu frá 1995 til 2007 (OECD ríki)



# Þróun rauntekna: Sveiflujöfnun?




- Vandinn liggur ekki í eðli kerfisins, heldur ósjálfbærri þróun ríkisútgjalda

# Misráðnar leiðir í skattamálum

1. Aðlögun að mestu í gegnum einkageirann
2. Opinber útgjöld hafa farið úr böndunum og tækifæri til úrbóta
3. Áhrif nýrra skatta á hvata og umsvif í hagkerfinu vanmetin – hagsýni skortir

- Breytingar verða óvinsælar enda rýra þær óhjákvæmilega lífsgæði einhverra þátttakenda hagkerfisins

# Misráðnar leiðir í skattamálum (framh.)

- Margvíslegar tæknilegar ástæður fyrir því að skattabreytingar eru ekki hagkvæmar
  - Aukið flækjustig, meiri kostnaður, hærri jaðarskattar, minni fyrirsjáanleiki, minni hvati til verðmætasköpunar, aukin undanskot, fjármagnsflótti, lægra sparnaðarstig, tvísköttun, röskun á samkeppnisumhverfi milli atvinnugreina, aukin verðbólga, samdráttur eftirspurnar, minni áhugi til áhættufjárfestinga

# Meiri framsýni stjórnvalda nauðsynleg

- Erfitt rekstrarumhverfi fyrirtækja
  - Óvissa í efnahagsmálum, höktandi fjármagnsmarkaðir, lokaðir gjaldeyrismarkaðir, samdráttur eftirspurnar og bankakerfi haltrandi
- Breytingar til að draga úr samkeppnishæfi skattkerfis – óhagfelldara atvinnustarfsemi en áður
  - Hrekur burt fjármagn og mannauð ... sem er forsenda endurreisnar
- Önnur leið: að endurbyggja hagkerfið, stækka skattstofna og verja þannig störf, lífskjör og sjálbærni til lengri tíma

# Sorgarsaga af útgjöldum hins opinbera

- Þróun opinberra útgjalda síðustu 30 ára
  - 5% hækkun OECD vs. 25% hækkun Íslands
- Raunútgjöld hafa aukist um 50% frá 2000
  - Á við í öllum málaflokkum, en mismikið
- Launakostnaður hækkað um 41% frá 2000
  - Almennur vinnumarkaður stækkaði um 12%, opinberir starfsmenn 28% fleiri og starfsmenn í opinberri stjórnsýslu 55% fleiri
  - Sífellt fámennari hópur stendur undir fjármögnun reksturs hins opinbera
- Hærri laun í opinbera geiranum
  - Hættuleg þróun

# Opinber útgjöld: Samanburður við OECD



# Fjölgun starfsfólks 2001-2008



# Þróun launa á opinberum og almennum vinnumarkaði



# Svipuð þróun útgjalda sveitarfélaganna



# Útgjöld ársins 2010 - tímamót

- Lækka að raungildi (skv. fjárlagafrumvarpi) milli ára í fyrsta skipti (8,1 ma.)
  - Vísir að aðhaldsaðgerðum, en skrefin mjög hófleg
- En sagan lofar ekki góðu…

# Orsakir útgjaldaþenslu

- *„Þegar öllu er á botninn hvolft felst vandamálið í agaleysi allra aðila, bæði forstöðumanna sem hlut eiga að máli og stjórnenda þeirra ráðuneyta sem forstöðumennirnir heyra undir. Brýnt er að stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli bregðist við þessum vanda og ráði sem fyrst bót á honum. Þá er ekki síður mikilvægt að fjárlaganefnd Alþingis hafi frumkvæði að því að koma þessum málum í rétt horf."*

  *Ríkisendurskoðun, 2006*



# Orsakir útgjaldaþenslu *(framh.)*

- Mismunur fjárlaga og ríkisreiknings



# Mikið í húfi

- Stefnt að jöfnuði 2013
  - Staðfesta og trúverðugleiki nauðsynlegur – frá fyrsta ári
- Afleiðingar misbrests óásættanlegar
  - Lánshæfismat, vaxtagjöld, frekari aðlögunaraðgerðir --- vítahringur
- Jafnvægi í stærð hins opinbera og einkageira er í hættu
  - Einkageirinn hefur axlað verulegar byrðar frá hruni
  - Frekari aðlögunar er þörf hjá hinu opinbera

# Tillögur Viðskiptaráðs - forsendur

- Ögrandi verkefni ... en mögulegt
- 10 tillögur og ein ábending til umhugsunar
- Yfirlit valkosta, ekki hægt að framkvæmda allt
- Tengjast bæði tekjuöflun og lækkun útgjalda
- Byggja á hugmyndafræði um frelsi í viðskiptum, nýtingu einkaframtaks, lágmörkun opinberra umsvifa

**62 milljarðar**

# 1. Einfaldari skattabreytingar

- Blönduð leið heppileg en skattahækkanir verði hóflegar
  - Hækkun tekjuskatts einstaklinga í 27% (15 ma.)
  - Hækkun á lægra vsk-þrepi í 14% (16 ma.)
  - Tryggingargjald óbreytt frá í sumar, 1/3 hækkun (12,5 ma.)
  - Lækkun persónuafsláttar um 5.000kr (10,5 ma.)*
  - Hækkun fjármagnstekjuskatts í 12%
  - Hækkun tekjuskatts lögaðila í 18%
- Ýmsir ókostir

* Mótvægisaðgerðir nauðsynlegar

# 2. Tekjuöflun í gegnum lífeyrissjóðina

- Mildari aðlögun ríkisfjármála með aðkomu lífeyrissjóðanna
  1. Skattlagning inngreiðslna
  2. Skattlagning séreignarsparnaðar
  3. Tímabundinn fjármagnstekjuskattur
- Kostir, gallar og helg vé

**12 - 30 milljarðar**

# 3. Aðgerðir til að auka umsvif

- Hvatar til verðmætasköpunar, sparnaðar og fjárfestingar, með sértækum aðgerðum
  - Skattaafsláttur vegna hlutafjárkaupa
  - Greiða fyrir erlendri fjárfestingu
  - Stuðningur við innlenda fjárfestingu

**15 - 50 milljarðar**

# 4. Tekjuöflun með sölu ríkiseigna

- Leið til að afla tekna og komast hjá kostnaði og áhættu
  - Landsvirkjun
  - Ríkisútvarp
  - Fasteignir ríkisins
- Þarf að skoða með opnum hug

**10 - 15 milljarðar**

# 5. Endurskoðun á útgjaldaliðum

- Ítarlegt mat á mikilvægi þjónustu og starfsemi hins opinbera nauðsynlegt
- Forgangsröðun í þágu velferðar
  1. Útgjaldaliðir sem ekki þjóna almannahagsmunum feldir út
  2. Útgjaldaliðir sem gagnast afmörkuðum hópum samfélags fjármagnaðir að hluta eða öllu með notendagjöldum
  3. Hagræðingarkrafa á útgjaldaliði sem vaxið hafa hratt og svigrúm er til aðlögunar

**33 milljarðar**

# 5. Endurskoðun á útgjaldaliðum (framh)

| Málaflokkur | Hagræðing (m.kr.) |
|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | 191,6 |
| Forsætisráðuneyti og Hagstofa Íslands | 421,4 |
| Menntamálaráðuneyti | 3.755,6 |
| Utanríkisráðuneyti | 4.779,9 |
| Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti | 3.901,7 |
| Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti | 4.379,6 |
| Félags- og tryggingamálaráðuneyti | 401,3 |
| Heilbrigðisráðuneyti | 634,4 |
| Fjármálaráðuneyti | 7.511,3 |
| Samgönguráðuneyti | 4.048,2 |
| Iðnarráðuneyti | 1.042,5 |
| Viðskiptaráðuneyti | 106,9 |
| Umhverfisráðuneyti | 1.605,1 |
| Samtals | **32.779,5** |

# 6. Launakostnaður dreginn saman

- Launakostnaður hins opinbera hefur hækkað um 41% að raungildi frá 2000
  - Kaupmáttur hefur aukist um 15% á sama tíma
  - Fjölgun opinberra starfsmanna m.v. almennan vinnumarkað
  - Kostnaðarsamt fyrirkomulag lífeyrismála
- Tillögur
  - Launakostnaður lækki um 20%
  - Sérréttindi verði afnumin

**25-45 milljarðar**

# 7. Endurskoðun í landbúnaðarmálum

- Tvöfaldur stuðningur við landbúnaðinn
  - Framleiðslustyrkir sem hlutfall af söluverðmæti afurða hæsti hér innan OECD (2006) – 68%
  - Umfangsmiklir verndartollar og innflutningshöft
- Hátt matvælaverða á Íslandi
  - Gæði framleiðslu óumdeild ... mögulegt að verja áfram
- Leiðir
  - Ríki ætti að afnema styrki og verndartolla
  - Uppgjör á samningum til 2015 – útgáfa ríkisskuldabréfs
  - Góð tímasetning fyrir breytingar

**7-10 milljarðar**

# 8. Endurskoðun í menntamálum

- Veruleg fjárfesting í menntakerfi á undaförnum árum ... Ávinningur ekki nægilega augljós
- Betur má ef duga skal
  - Hagræðing á grunnskólastigi og frekari gæðakröfur
  - Menntaskólanám stytt í 3 ár
  - Hófleg hagræðing á háskólastigi
- Brýnt að standa vörð um mannauð og sjálfbærni til framtíðar

**6 milljarðar**

# 9. Hagræðing sveitarfélaga

- Útgjöld vaxið hratt – svipaðar ástæður og hjá ríki
- Ríkissjóður hefur ekki frekara bolmagn til stuðnings
- Leiðir til hagræðingar
  - Jöfnunarsjóður verði lagður niður
  - Sameiningar sveitarfélaga
  - Almenn hagræðing
  - Innleiðing fjármálareglna, útgjaldaþaks og takmarkana við skuldsetningu

**12 milljarðar**

# 10. Fjárlagaferli eflt

- Útgjaldaþróun á skjön við OECD og lítill agi í framkvæmd fjárlaga
- Nauðsynlegar úrbætu
  - Núllgrunns-fjárlagagerð; raunfjárþörf metin
  - Skilvirkari upplýsingagerð og hagspár óháðra aðila
  - Bundið útgjaldaþak við nafnvöxt og virkara eftirlit
  - Aukinn agi við þinglega meðferð
  - Ábyrgð á framkvæmd fjárlaga aukin
- Áætlanir stjórnvalda í þessum málum eru þegar í rétta átt

**41 milljarðar**

# Til umhugsunar: Uppgjör á Icesave

- Mikil óvissa um endanlegt verðmæti eignasafns Landsbankans
- Ríkið í spákaupmennsku?
- Hægt að eyða óvissum með uppgjöri í dag
  - Kröftum beint að framtíðaruppbyggingu atvinnu- og efnahagslífs

# Takk fyrir komuna

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE